



**Besta afkoma á fyrri hluta árs í sögu FL Group
23,1 milljarðs króna hagnaður eftir skatta
Aukning um 304% miðað fyrri hluta árs 2006**

Helstu fjárhagstölur

- Hagnaður eftir skatt 23,1 milljarður króna á fyrstu sex mánuðum ársins, hagnaður á öðrum ársfjórðungi rúmir 8 milljarðar.
- Hagnaður eykst um 304% miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2006
- Heildareignir aukast um 56,7 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins og námu þær 319,6 milljörðum í lok annars ársfjórðungs
- Eigið fé eykst um 6,8 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins og er 149 milljarðar í lok júní 2007
- Arðsemi eigin fjár var 22% á öðrum ársfjórðungi og 32% á fyrri hluta ársins á ársgrundvelli
- Fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk, eiginfjárhlutfall er 47%

Helstu viðburðir

- Refresco lauk fjórðu yfirtöku sinni á árinu á öðrum ársfjórðungi og er nú það stærsta sinnar tegundar í Evrópu eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Undirritun 28 milljarða króna lánssamnings til þriggja ára við Morgan Stanley til fjármögnunar á hlutabréfaeign FL Group í Glitni banka.
- Geysir Green Energy eignast 32% hlut í Hitaveitu Suðurnesja og 100% hlut í Jarðborunum hf.
- Markaðsviðskiptasvið félagsins (Capital Markets unit) tók til starfa á öðrum ársfjórðungi, en sviðið hefur umsjón með skammtímafjárfestingum og afleiðuviðskiptum
- 50 milljóna dala fjárfesting í fjórum fasteignaverkefnum í Bandaríkjunum í samstarfi við fasteignafélagið Bayrock Group. Einnig tilkynnt um fyrsta samstarfsverkefni Bayrock Group og FL Group, kaup á hlut í "Midtown Miami" þróunarverkefninu

Hannes Smárason, forstjóri FL Group segir:

„Við erum stolt af þeim öflugra vexti sem einkennt hefur rekstur FL Group á öðrum ársfjórðungi 2007. Hagnaður þrefaldast, miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2006, eignir aukast um 24% frá árslokum 2006 og fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk. Þetta þýðir að FL Group hefur því aukið umtalsvert við fjárfestingagetu sína og leit að spennandi tækifærum þvert á atvinnugreinar og landamæri. er í fullum gangi.

Auk þess að styrkja stöðu félagsins í núverandi fjárfestingum hefur FL Group hafið innreið sína á orkumarkaðinum fjárfestingu sinni í Geysi Green Energy, fyrsta félaginu í

einkaeigu til að eignast umtalsverðan hlut í almenningsveitu á Íslandi. Þetta verður mjög mikilvægt svið fyrir fyrirtækið þegar fram líða stundir og býður upp á mikil alþjóðleg umsvif.

Þrátt fyrir góða niðurstöðu á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 mun FL Group áfram kappkosta að bæta afkomu sína. Þetta er metnaðarfullt markmið en við trúum því að það sé raunhæft og við álítum félagið vel undir það búið að færa sér í nyt þau tækifæri sem bjóðast."

Um hlutverk FL Group í Glitni segir Hannes: „FL Group mun halda áfram að vinna að málum Glitnis og hefur enn og aftur á fyrri helmingi ársins ítrekað stuðning sinn við bankann. FL Group er stærsti hluthafinn í Glitni og á þeim forsendum mun fyrirtækið áfram taka virkan þátt í að móta framtíð bankans."

Um Refresco segir Hannes Smárason: „Uppbygging Refresco er gott dæmi um það afl sem í FL Group býr. Á þeim 14 mánuðum sem liðnir eru frá því FL Group, ásamt öðrum fjárfestum og stjórnendateymi Refresco, eignuðust fyrirtækið hefur það vaxið hratt og vel með yfirtökum til samræmis við þá stefnu sem eigendur hafa mótað. Refresco er nú stærsta félag Evrópu á sínu sviði og hefur tvöfaldað tekjur sínar á innan við ári. Það hefur náð fótfestu á mikilvægum mörkuðum og markmiðið er að efla og auka enn frekar við starfsemi félagsins."

Fyrirspurnir:

FL Group
Hannes Smárason
Forstjóri
Sími: 591 4400

Kristján Kristjánsson
Forstöðumaður upplýsingasviðs
Sími: 591 4427 / 899 9352

Sveinbjörn Indriðason
Fjármálastjóri
Sími: 591 4400

Lykiltölur úr rekstri

milljónir króna	Q2 07	Q1 07	Q4 06	Q3 06	Q2 06
Rekstrarreikningur					
Fjárfestingatekjur	9.076	15.579	7.168	1.211	-1.346
Rekstrargjöld	-1.022	-883	-1.068	-695	-523
Hagnaður fyrir tekjuskatt	8.054	14.696	6.100	516	-1.869
Tekjuskattur	-12	388	2.680	1.101	534
Hagnaður af aflagðri starfsemi	0	0	24.801	3.640	1.217
Hagnaður tímabilsins	8.042	15.084	33.581	5.257	-118
Efnahagsreikningur					
Eignir samtals	319.597	302.758	262.871	239.465	202.551
Skuldir samtals	170.145	160.958	120.195	127.314	119.186
Eigið fé samtals	149.452	141.802	142.676	112.151	83.365
Eiginfjárhlutfall	47%	47%	54%	47%	41%
Ávöxtun eigin fjár (á árs grunni)	22%	42%	105%	22%	-1%
Hagnaður á hlut (per ársfjórðung)	1,09	1,94	5,03	0,68	-0,02

Yfirlit fyrstu sex mánaða ársins 2007

Samhliða umtalsverðum breytingum á eignasafni FL Group árið 2006 – einkum vegna sölu dótturfélaga og fjárfestinga nýjum mörkuðum – lagði félagið aukna áherslu á að auka virði eigna sinna ásamt því að bæta við fjárfestingum á kunnuglegum slóðum, til að mynda á fjármálamarkaði og í flugrekstri.

Á fyrsta ársfjórðungi seldi félagið Kynnisferðir sem var síðasta rekstrarfélagið í eigu FL Group. Þar með lauk umbreytingarferli félagsins í hreint fjárfestingafélag sem sérhæfir sig í áhrifafjárfestingum og umbreytingaverkefnum ásamt markaðsviðskiptum.

Á fyrri hluta ársins fjárfesti FL Group í félögum á nýjum spennandi mörkuðum, sérstaklega á fasteigna- og orkumarkaði. FL Group fjárfestir í fyrirtækjum víðsvegar um heim en beinir sjónum sínum einkum að Evrópu.

FL Group endurskipulagði eigin viðskipti félagsins á öðrum ársfjórðungi þegar Markaðssviði var komi á fót. Með þessari breytingu mun skammtíma stöðutaka í hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldeyri fá aukið vægi innan félagsins.

Þegar á allt er litið hafa skráðar fjárfestingar félagsins skilað góðum arði sem sýnir hversu öflug og sveigjanleg fjárfestingarstefna FL Group er. Jafnframt sýnir þetta fram á getu félagsins til að nýta sér aðstæður á markaði á hverjum tíma sér í hag.

Stærstu skráðar fjárfestingar

Glitnir

Glitnir er stærsta og verðmætasta fjárfesting félagsins og þess vegna telur FL Group það vera skyldu sína að styðja við framþróun bankans. Í lok apríl tók Lárus Welding við stöðu forstjóra Glitnis af Bjarna Ármannssyni sem hafði gengt henni í 10 ár. Lárus tók þar með við rekstri fyrirtækis sem telur um 2150 starfsmenn og er með starfsemi í ellefu löndum. Í lok annars ársfjórðungs 2007 var markaðsvirði Glitnis 431 milljarður króna og heildareignir námu 2.335 milljörðum króna.

Commerzbank

Í lok júní nam hlutur FL Group í Commerzbank 3,24% í skiptasamningum en aukið hefur verið við eignarhlut í bankanum jafnt og þétt á fyrri helmingi ársins. Evrópski fjármálamarkaðurinn er einn þeirra markaða sem FL Group leggur hvað mesta áherslu á og Commerzbank er nú önnur stærsta fjárfesting FL Group. Bankinn hagnaðist um 609 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi en greiningaraðilar höfðu búist við um 450 milljóna evru hagnaði. Bankinn skilaði því mun betri afkomu en vænst hafði verið.

AMR

Eignarhald FL Group í AMR var í lok annars fjórðungs 8,25%. Áhyggjur af eftirspurn á heimamarkaði og hækkandi eldsneytisverði hafa haft neikvæð áhrif á hlutabréfaverð félagsins. Hins vegar hefur sætanýting félagsins haldist góð og hagnaður þess jókst um 9% á öðrum fjórðungi miðað við sama tíma á síðasta ári.

Óskráðar fjárfestingar

Óskráðar fjárfestingar FL Group skila almennt góðri afkomu, sem sýnir að félaginu tekst vel að fylgja eftir markaðri stefnu þannig að hún skili árangri. Þrjú óskráð fyrirtæki bættust í eignasafnið á öðrum ársfjórðungi. FL Group eignaðist 49% hlut í Eikarhaldi¹, 45% í Kjarrhólma² og helmingshlut á móti Bayrock Group í félagi sem ætlað er að fjárfesta í alþjóðlegum verkefnum á sviði fasteignapróunar.

Refresco

FL Group er leiðandi hluthafi í hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco með 49% hlut. Refresco hefur lokið fjórum yfirtökum á þessu ári, þar af einni á öðrum ársfjórðungi. Fyrst eignaðist Refresco Kentpol, pólskan drykkjavöruframleiðanda á sviði gosdrykkja og ölkelkduvatns. Önnur yfirtaka félagsins var Histogram í Bretlandi, félag sem framleiðir safu og ávaxtadrykki. Þriðja félagið sem Refresco eignaðist var Sun Beverages N.V., stór gosdrykkjaframleiðandi í Frakklandi, Hollandi og Belgíu. Að lokum yfirtók Refresco Nuits Saint-Georges Production SAS sem er franskur ávaxtadrykkjaframleiðandi.

Sú stefna að vaxa með yfirtökum sem FL Group ásamt stjórnendum Refresco hefur mótað og framfylgt, hefur leitt til tvöföldunar tekna Refresco á innan við 12 mánuðum. Félagið er nú stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu. og er það í samræmi við þau markmið sem sett voru af eigendum og stjórn félagsins þegar FL Group eignaðist hlut sinn í félaginu. Árið 2007 er áætlað að pro-forma sölutekjur félagsins verði nálega 1.200 milljónir evra og að EBITDA framlegð nemi um 10% af sölutekjum..

¹ Eikarhald er fasteignafélag og var áður í eigu Kaupþings..

² Kjarrhólmi er eignarhaldsfélag sem á 37,6% hlut í TM hf.

Geysir Green Energy

Geysir Green Energy er fjárfestingafélag í orkuíðnaði en í lok júlí átti FL Group 43,1% eignarhlut í félaginu. Geysir Green Energy var stofnað var í janúar 2007 og hefur á fyrri hluta ársins fjárfest í ýmsum félögum á sviði jarðvarma og jarðvarmavinnslu. Nýlega eignaðist Geysir hluti í tveimur stórum félögum, í fyrsta lagi 32% hlut í Hitaveitu Suðurnesja, sem hefur verið leiðandi við nýtingu jarðvarma til raforkuframleiðslu í 30 ár. Í öðru lagi eignaðist Geysir Green Energy svo félagið Jarðboranir hf. að fullu, Jarðboranir eru eitt fremsta fyrirtæki veraldar í nýtingu auðlinda á sviði jarðvarma. Félagið hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og er nú orðið stærsta borfyrirtæki heims sem sérhæfir sig í jarðhita Geysir Green Energy á einnig 47% hlut í Exorku International og 43% hlut í Enex hf.

Bayrock Group

Á öðrum ársfjórðungi gekk FL Group til samstarfs við Bayrock Group, bandarískt fjárfestinga- og þróunarfélag á sviði fasteigna.. Í maí skrifuðu félögin undir samning um sameiginlega fjárfestingu í fjórum fasteignapróunarverkefnum í Bandaríkunum en þau lúta að byggingu fimm stjörnu íbúðahótela í Soho á Manhattan, Fort Lauderdale og Phoenix ásamt þróun á 13 ekru landi í Whitestone, Queens.

Í júní eignuðust félögin svo saman 30% hlut í Midtown Miami verkefninu, þróunarverkefni um byggingu átta háreistra íbúðahótela, skrifstofuturns og fjölnotabyggingu á besta stað í Miami. Félögin hafa nú tryggt sér 40% hlut í verkefninu.

Skipulagsbreytingar

Í maí gerði FL Group breytingar á skipulagi félagsins þar sem starfssvið eigin viðskipta (e. Proprietary Trading) var útvíkkað og heiti sviðsins breytt í markaðsviðskipti (e. Capital Markets). Markaðsviðskipti FL Group mun hafa umsjón með skammtíma fjárfestingum í skráðum félögum og stöðutöku félagsins í gjaldeyri. Jafnframt mun sviðið annast markaðsviðskipti fyrir fjárfestingasvið FL Group, ráðgjöf og framkvæmd afleiðu- og verðbréfavíðskipta tengdum eignasafni félagsins á hverjum tíma, hvort sem er í fjárfestingar- eða áhættuvarnartilgangi.

Með þessari breytingu hefur FL Group lagt grunn að auknum umsvifum markaðsviðskipta og stefnir félagið á að styrkja þetta svið enn frekar í framtíðinni.

Horfur

Við lok fyrri hluta ársins hafði FL Group 31 milljarð króna í handbæru fé til frekari fjárfestinga að viðbættum öðrum óveðsettum eignum.

Hæfileikar starfsmanna FL Group á sviði fjárfestinga, sveigjanleg fjárfestingastefna, gæði eignasafnsins og núverandi fjárfestingageta gefur stjórnendum fyrirheit um að áfram verði góð afkoma af rekstri félagsins á síðari hluta ársins þrátt fyrir hugsanlega ókyrrð á mörkuðum.

FL Group mun halda áfram að ráða hæfileikaríkt fólk til að styrkja félagið enn frekar og á sama tíma leita leiða til að bæta enn frekar hag félagsins.

Yfirlit um rekstur félagsins

Hagnaður félagsins eftir skatta á öðrum ársfjórðungi nam 8 milljörðum króna og á fyrri hluta ársins nam hagnaður FL Group 23,1 milljarði króna.

Heildareignir félagsins námu 319,6 milljörðum í lok júní 2007 og jukust um 16,8 milljarða á öðrum ársfjórðungi. Rekja má hækkun heildareigna að mestu til fjárfestinga í skráðum og óskráðum markaðsverðbréfum ásamt hækkun á verði hlutabréfa. Við lok annars ársfjórðungs námu eignir FL Group í skráðum og óskráðum verðbréfum 352,7 milljörðum króna. Stærstu eignir félagsins eru hlutur í Glitni að andvirði 137,7 milljarðar króna, hlutur í Commerzbank að verðmæti 63,8 milljarðar, hlutur í AMR Corporation að andvirði 33,7 milljarða króna og 23 milljarða króna fjárfesting í Finnair Bókfært verðmæti verðbréfa FL Group er hinsvegar aðeins 224,4 milljarðar króna þar sem hluti þeirra er fjármagnaður með framvirkum samningum og er einungis nettóvirði þeirra fært í árs hlutareikning félagsins.

Eigið fé FL Group í lok júní 2007 nam 149,5 milljörðum króna, og er það aukning um 7,7 milljarða á öðrum ársfjórðungi og aukning um 6,8 milljarða frá árslokum 2006. Fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk og eiginfjárhlutfall þess er 46,8%. Félagið er því vel undir það búíð að takast á við þau verkefni sem framundan eru. Arðsemi eigin fjár á öðrum ársfjórðungi nam 22,1% á ársgrundvelli og 31,7% á fyrstu sex mánuðum ársins.

30 / 06 / 2007		
<u>Fjárfestingar</u>	<u>Markaðsvirði</u>	<u>% eign</u>
Helstu eignir		
Glitnir	137.733	31,97%
Commerzbank	63.818	3,24%
AMR Corporation	33.660	8,25%
Finnair Oyj	23.009	23,37%
Royal Unibrew A/S	13.133	24,38%
Aktiv Kapital ASA	6.357	13,27%
	277.710	
Stöðutaka í öðrum skráðum verðbréfum	58.102	
Fjárfestingar í skráðum verðbréfum	335.812	
Fjárfestingar í óskráðum verðbréfum	16.844	
Fjárfestingar samtals	352.656	
Eignarhlutir í afleiðusamningum	128.287	
Fjárfestingar skráðar á efnahag	224.369	

Um FL Group

FL Group er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig annars vegar í áhrifafjárfestingum og umbreytingarverkefnum þar sem áhersla er lögð á langtíma fjárfestingar í skráðum og óskráðum félögum og hins vegar í markaðsviðskiptum sem lúta að umsjón með skammtíma fjárfestingum sem og framkvæmd afleiðu- og verðbréfavíðskipta tengdum eignasafni félagsins.

Höfuðstöðvar FL Group eru í Reykjavík en fyrirtækið rekur einnig skrifstofur í London og Kaupmannahöfn. Það fjárfestir í félögum um allan heim með sérstaka áherslu á Evrópu. FL Group er skráð í Kauphöll Íslands (OMX: FL). Við lok annars ársfjórðungs námu heildareignir félagsins 319,6 milljörðum króna og markaðsvirði félagsins var 234,4 milljarðar.

Stærstu hluthafar FL Group eru Gnúpur fjárfestingafélag hf. (20,3%), Oddaflug BV. (19,8%), félag í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra, Baugur Group (19,6%), Icon and Materia Invest (10,7%). Eignahlutar geta í sumum tilfellum verið skráðir á íslenskar fjármálastofnanir vegna framvirkra samninga. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu FL Group, www.flgroup.is.

Um helstu fjárfestingar FL Group

Skráðar fjárfestingar

Glitnir Banki (31,97%)

www.glitnir.is

Glitnir er norræn bankasamstæða sem þjónar viðskiptavinum víðsvegar um heiminn. Þjónusta bankans inniheldur viðskiptabankastarfsemi, fyrirtækjaviðskipti og fjárfestingabankastarfsemi, miðlun verðbréfa og fjárstýringu. Starfsemi bankans fer að mestu fram á Íslandi og í Noregi en bankinn er einnig með skrifstofur í Danmörku, Kanada og Kína, útibú á Bretlandi og dótturfélag í Finnlandi, Rússlandi Svíþjóð, Bandaríkjunum og Lúxemborg.

Glitnir einblínir einkum á þrjá markaði: sjávarafurðir, flutninga og orkuiðnaðinn. Glitnir hefur skilgreint Ísland og Noreg sem sína heimamarkaði. Reynsla og sérhæfing starfsmanna bankans, ásamt tengingum bankans við erlendar fjármálastofnanir, gerir bankanum kleift að bjóða viðskiptavinum sínum virðisaukandi þjónustu, sérsníðna að þörfum hvers og eins. Glitnir er skráður á OMX Nordic Exchange. Við lok fyrsta ársfjórðungs var markaðsvirði bankans 431 milljarður króna og heildar eignir námu 2335 milljörðum króna.

Commerzbank (3,24%)

www.commerzbank.com

Commerzbank er annar stærsti banki Þýskalands³ og einn af leiðandi bönkum í Evrópu. Bankinn rekur um 800 útibú í Þýskalandi og er með starfsemi í meira en 40 löndum.

Bankinn þjónustar einstaklinga í Þýskalandi ásamt því að sinna fyrirtækjum og sjá um stofnanir og alþjóðafélög um allan heim. Commerzbank er skráður í kauphöllum í Þýskalandi, Bretlandi, Sviss og Norður-Ameríku. Á fyrsta ársfjórðungi nam hagnaður bankans 609 milljónum evra og var markaðsvirði hans 21,8 milljarður evra.

³ Heimild: <https://www.commerzbank.de/en/hauptnavigation/konzern/konzerninfo/konzerninfo.html>

AMR Corporation (8,25%)

www.aa.com

AMR Corporation er stærsta flugrekstrarfyrirtæki í heimi. Flugfélögin American Airlines, American Eagle og American Connection þjóna 250 áfangastöðum í 40 löndum og fljúga yfir 3.900 ferðir á dag. Samanlagt ráða þessi félög yfir meira en 1.000 flugvélum. American Airlines, Inc. og American Eagle eru dótturfyrirtæki AMR Corporation. Félagið er skráð í Kauphöllinni í New York (NYSE). Þann 18. júlí kynnti félagið uppgjör annars ársfjórðungs en hagnaður félagsins nam þá 317 milljónum bandaríkjadala.

Finnair (23,37%)

www.finnair.com

Finnair var stofnað 1. nóvember 1923. Stærsti hluthafi Finnair er finnska ríkið með 56,3% hlut. Félagið hefur á síðari árum beint sjónum sínum æ meir að flugumferð milli Evrópu og Asíu og flýgur nú til að mynda yfir 100 ferðir til Kína á mánuði.

Félagið kynnti uppgjör annars ársfjórðungs þann 4. maí. Afkoma þess hefur batnað verulega frá því á sama tíma á síðasta ári, velta jókst um meira en 10 milljónir evra og nam samanlagt 528,5 milljónum evra og 13,7 milljóna evru hagnaður varð af rekstrinum, miðað við rúmlega 5 milljóna evru tap 2006.

Royal Unibrew (24,38%)

www.royalunibrew.com

Royal Unibrew er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi í Skandinavíu. Samstæðuna mynda fjórir danskir framleiðendur, einn litháenskur, þrír pólskir og tveir lettneskir. Starfsmenn Royal Unibrew eru um um 2.300 víða um heim og félagið flytur út framleiðslu sína til um 65 landa. Félagið kynnti nýverið uppgjör fyrsta ársfjórðungs en þar kom fram að nettó tekjur félagsins höfðu aukist um 9% og voru 705 milljónir danskra króna og að áætlaður hagnaður samstæðunnar fyrir árið yrði á bilinu 330-370 milljónir danskra króna

Aktiv Kapital (13,27%)

www.aktivkapital.com

Aktiv Kapital er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum. Starfsemi félagsins skiptist í þrennt, kaup á lánasöfnum sem komin eru í vanskil, innheimta viðskiptakrafna og umsýsla reikninga. Hjá félaginu starfa 1,010 manns í 11 löndum. Félagið er skráð í Oslo Børs. Félagið kynnti uppgjör fyrsta ársfjórðungs þann 4. maí en þá jukust rekstrartekjur félagsins um 8,5% og námu 415,2 milljónum norskra króna og hagnaður fyrir skatta nam 174,3 milljónum norskra króna sem var 208% aukning frá því á sama tíma á síðasta ári.

Óskráðar fjárfestingar

Refresco (49%)

www.refresco.nl

Refresco er stærsti framleiðandi á ávaxtasöfum og svaladrykkjum undir vörumerkjum verslana (e. private label) í Evrópu. Hjá félaginu störfuðu á síðasta ári um 1.200 manns í fimm löndum. Helstu framleiðsluvörur félagsins eru safar, gosdrykkir, íste og íþróttadrykkir. Um 65% framleiðslunnar er undir merkjum verslana. Refresco hefur lokið fjórum yfirtökum á fyrri hluta ársins 2007 og hefur félagið næstum því tövaldast að stærð. Áætlaðar tekjur félagsins fyrir 2007 nema rúmlega einum milljarði evra

Geysir Green Energy (43,1%)

www.geysirgreenenergy.is

Geysir Green Energy er fjárfestingafélag á sviði orkuvinnslu. Félagið leitar eftir fjárfestingatækifærum sem snúa að nýtingu jarðvarma og ætlar sér að fjárfesta í þróun og byggingu orkuvera, eignast orkuver sem þegar eru í eigu annara félaga og taka þátt í einkavæðingu orkufyrirtækja um allan heim

Northern Travel Holding (34,8%)

Northern Travel Holding var stofnað í desember 2006 og er ætlað að verða leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Innan Northern Travel Holding eru flugfélögin Sterling og Iceland Express í fullri eigu, 51% hlutur í breska leiguflugfélaginu Astraeus, 29,26% hlutur í sænsku ferðaskrifstofunni Ticket sem skráð er á sænska hlutabréfamarkaðinn og allt hlutfé í dönsku ferðaskrifstofunni Hekla Travel. Eigendur fyrirtækisins eru Fons, FL Group og Sund hf.

House of Fraser (13,9%)

www.hof.co.uk

House of Fraser er eitt þekktasta vöruhús Bretlands og rekur yfir 60 vöruhús víðsvegar um Bretland og Írland, ýmist undir eigin nafni eða öðrum, svo sem House of Fraser, Fraser, Howells, Dickins & Jones, Rackhams, Army & Navy, Jenners og Beatties. Að auki selur House of Fraser eigin vörumerki svo sem Linea og Therapy. FL Group á 13,9% hlut í House of Fraser.

Unity Investment (37,5%)

Unity Investments er fjárfestingafélag í eigu FL Group, Baugs og Kevins Stanford. Meginmarkmið félagsins er kaup á hlutum í skráðum félögum, sérstaklega smásöluvyrirtækjum í Bretlandi. Unity á sem stendur hlut í nokkrum slíkum fyrirtækjum, s.s. French Connection, Moss Bros og Woolworths.